

Skólaráðsfundur 29. Október 2025

Mætt voru: Jón Ragnar Ástþórsson skólastjóri, Guðrún F. Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Karen Ingimundardóttir fulltrúi kennara, Halldóra Reynisdóttir fulltrúi foreldra, Sigurdís Benónýsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna og Emilía Hrönn Björnsdóttir fulltrúi nemenda. Hrafnkell Máni Másson og Elísabet Amanda Sigurðardóttir boðuðu forföll.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning á skólaráði og hlutverki þess

Skólastjóri fór yfir hvert hlutverk skólaráðs er, hvernig það er samsett og skyldur þess skv. Lögum um grunnskóla. Einnig var bent á upplýsingar sem finna má á heimasíðu skólans um helstu verkefni og skyldur skólaráða almennt. Tengill á síðuna [hér](#). Skólaráð skal m.a. samþykkja starfsáætlun

2. Starfsáætlun skólaráðs kynnt

Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs fyrir starfsárið og hún samþykkt. Fyrirhugað er að ráðið komi saman þrisvar sinnum yfir starfsárið en jafnframt er tekið fram að aðilar ráðsins geta kallað til funda ef þeim finnst þörf á.

3. Skóladagatal ársins

Skólastjóri fór yfir skóladagatal skólaársins og helstu viðburði sem eru framundan. Skóladagatal var einungis lagt fram til kynningar.

4. Starfsáætlun Gerðaskóla 2025-26 lögð fyrir til samþykktar

Skólastjóri fór yfir starfsáætlun Gerðaskóla fyrir skólaárið. Starfsáætlunin var rædd og síðan samþykkt með öllum atkvæðum.

5. Starfsemi skólaársins hingað til

a. Ráðningar haustsins

Farið yfir hvaða breytingar hafa orðið á starfshóp skólans á milli ára. Allar stöður hafa verið fylltar og staðan nokkuð góð.

b. Foreldrafundir – Stafrænt uppeldi

Foreldrafundi voru haldnir í september þar sem að fræðsla um stafrænt uppeldi var fyrir foreldra og foreldrar fóru svo í stofur nemenda sinna með umsjónarkennara.

c. Dagur læsis

Dagur læsis var haldinn hátíðlegur í Gerðaskóla. Eldri nemendur lásu fyrir yngri. Frétt á heimasíðu [hér](#).

d. Skertur nemendadagur – Útinám

Fjallað um skerta nemendadaginn þar sem að áherslan var á útinám

e. Námskeið – Fagleg Forysta

Stjórnendur eru á námskeiði sem ber nafnið Fagleg Forysta. Námskeiðið nær yfir allt starfsárið. Hluti af námskeiðinu var ferð sem farin var til London þar sem stjórnendur sátu fyrirlestra og fóru í skólaheimsóknir.

6. Önnur mál

a. Styrkur frá Blue

Skólastjóri greindi frá því að skólinn fékk styrk frá Blue góðgerðarfesti til að halda áfram þeirri vinnu að skynvæna skólann áfram. Nú á að beina athyglinni að næðisrýmum og almennum stofum. Fyrri styrkur fór í að gera skynnámsstofu í Friðgarði.

b. Foreldrafélagið

Haldinn var auka aðalfundur til að setja saman nýja stjórn. Þrír aðilar buðu sig fram til stjórnarstarfa og skipa því stjórn foreldrafélagsins næsta starfsárið.

c. Útinám-Sambætting-Skynvænn-Matsrammi

Skólastjóri fór yfir helstu áherslur í starfi skólans og hvaða stefnu á að fara í faglegu starfi.

Fundi slitið kl. 16.03